



Gjaldskrá fyrir Rangárljós

- 1. Almenn**
Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Rangárljóss í Rangárþingi ytra.
Virðisaukaskattur bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.
- 2. Áskriftargjald**
Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 3.190 + vsk.
- 3. Gjöld fyrir breytingar**
Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfis miðjum Rangárljóss frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð 4.175,- auk vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.
- 4. Tengigjald nýrra notenda**
Fyrir nýja tengingu greiðist einskiptisgjald kr. 240.000 + vsk auk því sem næst raunkostnaðar við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað.

Heimilt er að jafna út kostnaði í hverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði.
- 5. Leiga á ljósþráðum innan kerfisins**
Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða og miðast gjaldtaka við hvern hafinn kílómeter. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytinga á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræm við við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru á án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	7.353,-
2	9.190,-
3	11.028,-
4	12.866,-



-
6. Aðstöðuleiga í tækjarými á Hellu
Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Rangárljóss stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarými á Hellu skv. neðan greindu:

1 skáparými	48.131,- pr mánuð auk vsk
½ skáparými	24.065,- pr. mánuð auk vsk

Rangárljós getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

7. Önnur ákvæði.

Rangárljós leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar. Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í tengingar í sumarhúsa hverfum nema náist um 60% þátttaka í hverfinu.

Stofngjöld verða innheimt þegar framkvæmdir byrja en heimilt er að dreifa greiðslu þeirra í 8 mánuði.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra 22.11.2023 og tekur þegar gildi 1.1.2024 og fellur þá úr gildi eldri gjaldskrá frá 13.1.2022.

f.h. Rangárljóss

22. nóvember 2023

Jón G Valgeirsson